



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Landsbanki Íslands hf. selur hlutabréf í Vátryggingarfélagi Íslands hf.

29.8.2002 10:09:14

Flokkur: Fyrirtækjafréttir

Prenta

Landsbanki Íslands hf hefur selt hlutabréf í Vátryggingarfélagi Íslands hf. að nafnvirði 145.676.081,- kr eða 27% af heildarhlutafé í VÍS. Eignarhlutur Landsbanki Íslands hf er nú 14,03% eða 76.225.540 kr. að nafnvirði en var áður 41.13% eða 221.901.621 kr. að nafnvirði. Auk þessarar sölu hefur Landsbankinn samið um sölurétt á hlutafé í Vátryggingarfélagi Íslands hf að nafnverði allt að 115.461.783 eða allt að 21.40% af hlutafé félagsins. Hyggist Landsbankinn nýta sér þennan sölurétt ber bankanum að tilkynna um það fyrir 1. janúar 2003 og skulu þá viðskiptin fara fram 1. febrúar 2003. Salan er í samræmi við yfirlýsta stefnu bankans um að minnka fjárbindingu í vátryggingarrekkstri.

Engin breyting verður á eignarhaldi bankans í Lífttryggingarfélagi Íslands hf. Samstarf við Lífttryggingafélag Íslands verður hinsvegar eflt, en bankinn hefur nýverið aukið hlut sinn í Lífttryggingafélaginu í 50%. Landsbankinn mun leggja mikla áherslu á að auka þjónustuframboð við viðskiptavinum bankans á sviði líf- og sjúkdóma- og sparnaðartrygginga.

Ljóst er að söluhagnaður verður af viðskiptunum og að salan muni því hafa jákvæð áhrif á afkomu bankans. Þrátt fyrir það er ekki talin ástæða til á þessum tímapunkti að endurskoða arðsemismarkmið bankans fyrir árið í heild, en gert hefur verið ráð fyrir að arðsemi eigin fjár eftir skatt verði á bilinu 12 – 15% fyrir árið 2002.

Eiginfjárstaða bankans mun styrkjast við þessa sölu og mun það veita bankanum verulegt svigrúm til að nýta vaxtartækifæri á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

Frekari upplýsingar veitir Halldór J Kristjánsson bankastjóri í síma 560-6110